Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 4

Nú er komið að síðustu skilum í þessu verkefni. Nú verður farið yfir hvað hefur breyst og hvað ekki.

1


Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 4**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.


Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Nú átt þú að setja inn þær dagsetningar sem skilað var í fjóra reiti lóðrétt. Fyrst **dag**, svo **punkt**, svo **mánuð** og að lokum **ár**. Ef það stendur **Almennt** í reitnum efst þá eigið þið að breyta því í langa dagsetningu.





Ef myndin lítur út eins og þessi hægra megin, farið þá í hornið á bókstafnum og stækkið reitinn þangað til stafir og tölur birtast. Takið eftir að I-reiturinn vinstra megin er stærri en hægra megin.

3

Því næst setjið þið stöðuna sem var við hver skil þar sem fyrstu skil hjá öllum er **1.000.000**.


Dagsettning 1.	1.000.000
Dagsettning 2.	1.200.000
Dagsettning 3.	1.100.000
Dagsettning 4.	900.000

Takið eftir að reiturinn efst segir núna **Almennt** en ekki dagsetning.

4

Farið með músina efst vinstra megin og dragið bendilinn yfir allar tölurnar og dagsetningarnar, farið úr flipanum **Heim** í flipann **Setja inn**. Veljið svo **línurit** sem ykkur líkar vel við og setjið á síðuna.

Þá ætti þetta að líta einhvern veginn svona út:



Sett í möppu.